

## **11. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 9. desember 2024 kl 13.00.**

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Árný Huld Haraldsdóttir, Arinbjörn Bernharðsson (kom seinna inn á fund), Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Kristján Þór Kristjánsson, Matthías Lýðsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir,

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir Finnur Ólafsson, Tryggvi B. Bjarnason, Vilberg Þráinsson. og Þorgeir Pálsson

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Helga Frímann Kristjánsdóttir, umhverfisfræðingur og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Yfirskrift fundarins samkvæmt fundaráætluna

Fundarefni; Samfélag og mannauður og viðfangsefni því tengd

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

1. Kynning á Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044
2. Kaflaskipting vinnslutillögu
3. Grunnur að stefnumótun fyrir atvinnulíf
4. Landnytjar – umræða um stefnu svæðisskipulags Dala, Reykhóla og Stranda
5. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og kynnti að Tryggvi B Bjarnason, hefði óskað eftir við Vesturbyggð að fá tímabundið leyfi frá störfum með nefndinni, á fundinum í dag kæmi því Páll Vilhjálmsson, formaður bæjarráðs sem áheyrnarfulltrúi. Formaður kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Kynning á Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044

(tengill á Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=17855> )

Mætt til fundar frá Austurbrú ses þau Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri og Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri.

Formaður bauð fulltrúa Austurbrúar velkomna til fundar og þakkaði þeim að taka vel í beiðni um upplýsingar um framgang Svæðisskipulag Austurlands.

Spurningar sem lagðar voru fram að hálfu Svæðisskipulagsnefndar voru eftirfarandi.

- Hverskonar áætlun er svæðisskipulag Austurlands – er þetta aðgerðaráætlun sem forgangsraðar uppbyggingarverkefnum næstu tuttugu árin eða er um að ræða huglæga yfirlýsingu (manifesto) fyrir landshlutann?
- Hvernig nýtist svæðisskipulagið – hvernig skilar það sér í aðra stefnumótun eða vinnu sveitarfélaganna og Austurbrúar?
- Hefur svæðisskipulagið nýst landshlutanum í samtali/samvinnu við ríkið – ef svo hvernig þá?
- Byggð á ykkar reynslu, mynduð þið móta öðruvísi svæðisskipulag ef þið væruð að hefja vinnuna nú?
- Hefur komið upp að sveitarfélag telji að skipulagið hamli þeirra áformum og ef það er svo, hvernig er brugðist við

Fjölluðu þau Dagmar, Jón og Unnur um efni máls og svöruðu fyrirspurnum. Fram kom að almennt hefði vinna með svæðisskipulagið gengið vel, annars vegar með skipulagsgerð sveitarfélaganna þar sett var að markmið almenn lína fyrir stefnumörkun sveitarfélaganna en í minna mæli að njörva niður málaflokka. Hinvegar væri svæðisskipulag sem slíkt lagt til grundvallar í starfi Austurbrúar og sóknaráætlun landshlutans og í hagsmunagæslu fyrir landshlutann. Þau vöktu síðan athygli á efni sem gefið var út á vinnslustigi svæðisskipulagsins.

Arinbjörn mætti til fundar.

Til máls tóku auk frummælenda. Lilja, Arnlín, Hjörleifur, Hrafnkell,

## 2. Kaflaskipting vinnslutillögu

*Tillaga um að skipta sviðinu Samfélag og mannaúdir í tvennt (Atvinna og sóknarfæri; Samfélag og menning)*

Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Hann kynnti sitt mat að umfang þessa sviðs væri of umfangsmikið til að fjalla um í einu lagi, hann vildi því leggja fram tillögu um að skipta upp umfjöllun um Samfélag og mannaúð í tvo meginflokka.

- Atvinna og sóknarfæri, nýsköpun,
- Samfélag og menning, farsæld barna

Formaður gaf orðið laust um tillögu skipulagsráðgjafa. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Formaður bar upp tillögu um að samþykkja tillögu skipulagsráðgjafa. Tillagan samþykkt samhljóða.

Rædd tillaga um fjölga fundum til að koma að umfjöllun um samfélag og menning.

Sett fram tillaga um að bæta við fundardegi 27. febrúar 2025 kl 13.00, viðfangsefni fundarins; *samhengi, áhrifatengingar viðfangsefna og aukið við umfjöllun um viðfangsefni fyrri funda eftir því sem þörf er talin á*. Viðfangsefni 13. fundar 10. febrúar 2025, verði *Samfélag og menning*.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Páll Vilhjálmsson mætti til fundar.

Hrafnkell vék af fundi

### 3. Grunnur að stefnumótun fyrir atvinnulíf

*Upplagg að stöðumati um þróun atvinnugreina á Vestfjörðum*

Formaður gaf Herdís orðið.

Herdís kynnti greiningu á atvinnulífi á Vestfjörðum, skiptingu á atvinnugreinaflokkum, þróun atvinnugreina m.t.t. kynjahlutfalls, menntunar og hlutfalls íbúa af erlendum uppruna og framlög til nýsköpunar og þróunar til atvinnulífs á Vestfjörðum.

Herdís tjáði að líta eigi á þetta efni sem drög til mótnar tillögu að umfjöllun atvinnulífs og sóknarfærum og væri hennar tillaga að leiðirnar væru; Nýsköpun, Vinnuafl, Þekking og hæfni, og Hringrásarhagkerfi. Eins yrði að taka til umræðu hvernig beita mætti svæðisskipulaginu til að hafa áhrif á stjórnvöld um þekkingaruppbyggingu innan Vestfjarða, auka fjármagn og störf og eins að samhæfa starfsemi ríkis og sveitarfélaga.

Árný Huld vék af fundi og formaður kynnti að mætt væri í hennar stað Jóhanna Ösp Einarsdóttir, oddviti Reykhólahrepps sem áheyrnarfulltrúi.

Til máls tóku. Aðalsteinn, Lilja, Arnlín, Matthías, Hjörleifur, Ástrós,

### 4. Landnytjar – umræða um stefnu svæðisskipulags Dala, Reykhóla og Stranda (DRS)

Rýnt í stefnu svæðisskipulags DRS um landbúnað, skógrægt og rætt hvort hún geti verið yfirfærð á Vestfirði í heild.

<https://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=14447>

Formaður gaf Hlyni orðið.

Hlynur fór yfir helstu atriði svæðisskipulagsins og hvort og hvernig samþætta megi við vinnu Svæðisskipulags Vestfjarða. Vísaði hann til atriða svæðisskipulags er varða Framtíðarsýnar og

leiðarljós, svæðismark (staðaranda) og þrjár áhersluatvinnugreinar; landbúnaður, sjávarnytjar og ferðaþjónusta.

Til máls tóku, Arnlín, Hjörleifur, Sigríður, Matthías,  
Páll vék af fundi

#### 5. Önnur mál

Aðalsteinn lagði fram tillögu að útgáfu áfangaskýrslu svæðisskipulagsnefndar er fjallaði um niðurstöðu að vinnu á frumdrögum svæðisskipulagsins.

Óskaði hann eftir ábendingum nefndarinnar í tölvupósti, um efni skýrslunnar en jafnframt heimild nefndarinnar til að gefa skýrsluna út ef ekki kæmu fram stærri efnislegar ábendingar. Endanleg gerð skýrslunnar yrði einnig kynnt í tölvupósti til samþykktar, en yrði síðan lögð fyrir næsta fund nefndarinnar til endanlegrar staðfestingar.

Formaður lagði til að tillagan væri samþykkt. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Formaður gaf svo orðið laust um önnur mál.

Til máls tóku;

Matthías. Hann lýsti þeirri valþröng sem kæmi upp þegar tekin væru til umfjöllunar uppbygging vatnsafls og flutningslína á Vestfjörðum, þar sem annars vegar væri mikilvægi verndunar ósnortinna víðerna en hinsvegar mikilvægi orkuöryggis samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Matthías vék af fundi.

Bragi; þakkaði umfjöllun um framkvæmd Svæðisskipulags Austurlands og lagði áherslu á varfærni við skipulagsgerðina m.a. með tilliti til réttaráhrifa svæðisskipulags á skipulagsvinnu sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.05.